



# Embættistaka forseta Íslands

1. ágúst 2024

# Helgistund í Dómkirkjunni

Forspil – innganga:  
Syngið Drottni söng nýjan,  
sálmforleikur fyrir orgel yfir íslenskt þjóðlag.  
Smári Ólason

## Signing

Ég byrja reisu mín,  
Jesú, í nafni þín,  
höndin þín helg mig leiði,  
úr hættu allri greiði.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Í voða, vanda' og þraut  
vel ég þig förunaut,  
yfir mér virstu vaka

og vara á mér taka.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Mitt hjartans trúartraust  
til þín er efalaust,  
að mér með miskunn skærri  
munir þú vera nærri.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Sálmur: Íslenskt þjóðlag – Hallgrímur Pétursson.  
Kórútfsetning Smári Ólason

## Kollekta

Englar hæstir, andar stærstir,  
allir lofi Drottins nafn.  
Allt sem andar, allt sem lifir,  
uppi, niðri, himnum yfir  
dýrki, lofi Drottins nafn.

Himinn fagur, hver einn dagur,  
hver ein nótt með stjörnusafn,  
stormar, þrumur, hvað sem hræðir,  
hvað sem vekur, örvar, glæðir  
lofi Herrans heilagt nafn.

Æðstum Drottni aldrei þrotni  
eilíft lof og þakkargjörð.  
Syngið feður, syngið mæður,  
syngið niðjar, menn og bræður.  
Heiðri Drottin hæð og jörð.

Kórsöngur: Þorkell Sigurbjörnsson –  
John. S. Blackie / Matthías Jochumsson

Guðspjall: Matt.7. 24-27

Festingin víða, hrein og há  
og himinbjörtu skýin blá  
og logandi hvelfing ljósum skírð,  
þið lofið skaparans miklu dýrð.  
Og þrautgóða sól er dag frá degi  
Drottins talar um máttarvegi,  
ávallt birtir þú öll um lönd  
almættisverk úr styrkri hönd.

Og þótt um helga þagnarleið  
þreyti vor jörð hið dimma skeið  
og enga rödd og ekkert hljóð  
uppheimaljósinn sendi þjóð,  
skynsemi vorrar eyrum undir  
allar hljómar um næturstundir  
lofsöngur þeirra, ljóminn hreinn:  
Lifandi Drottinn skóp oss einn.

Sálmur: Atli Heimir Sveinsson – Joseph Addison / Jónas  
Hallgrímsson. Kórútsætning: Hildigunnur Rúnarsdóttir

## Hugleiðing frá altari

Einsöngur og kór:

Vikivaki

Valgeir Guðjónsson –  
Jóhannes úr Kötlum

Bæn – Faðir vor

Blessun

Ísland ögrum skorið,  
eg vil nefna þig  
sem á brjóstum borið  
og blessað hefur mig  
fyrir skikkan skaparans.  
Vertu blessað, blessi þig  
blessað nafnið hans.  
Ísland ögrum skorið,  
eg vil nefna þig  
.: sem á brjóstum borið  
og blessað hefur mig. .:.

Sálmur: Sigvaldi Kaldalóns –  
Eggert Ólafsson

Eftirspil:

Lofið vorn Drottin, sálmforleikur fyrir orgel

Páll Ísólfsón

---

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir  
Séra Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur Dómkirkjunnar  
Guðmundur Sigurðsson, dómorganisti  
Dómkórinn í Reykjavík  
Einsöngur og kór: Sigríður Thorlacius ásamt Skólakór Kársness  
Stjórnandi: Þórunn Björnsdóttir

# Athöfn í Alþingishúsi

Einsöngur: Vetrarsól

Gunnar Þórðarson –  
Ólafur Haukur Símonarson

Lýst forsetakjóri

Drengskaparheit unnið

Forseti Íslands minnst fósturjarðarinnar  
af svölum þinghússins

Ávarp forseta Íslands

Þjóðsöngur Íslendinga

Sveinbjörn Sveinbjörnsson –  
Matthías Jochumsson